

# Lög

## um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

---

### 1. gr.

Á eftir 9. másl. 3. mgr. 103. gr. a laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Eftir því sem átt getur við fara nauðasamningsumleitanir að öðru leyti eftir ákvæðum 2. mgr. 149. gr. og 151.–153. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., þó með því frávikum að frestur skv. 1. mgr. 51. gr. sömu laga skal vera átta vikur, en slitastjórn gegnir þá því hlutverki sem skiptastjóri hefði annars á hendi og heldur kröfuhafafundi við þessar umleitanir.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 3. desember 2015.*